



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Menningar- og viðskiptaráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Reykjavík 7. mars 2024

2403008SA VRB
Málalýkill: 00.64

Efni: Umsögn um breytingu á lögum um opinber skjalasöfn, mál nr. S-55/2024

Þann 23. febrúar sl. voru birt í samráðsgátt stjórnvalda drög að frumvarpi um breytingu á lögum um opinber skjalasöfn nr. 77/2014. Í samráðsgátt kemur fram að megintilgangur frumvarpsins sé að gera skýrari þau ákvæði laganna sem varða gjaldskrá og gjaldtöku opinberra skjalasafna. Annars vegar þau gjöld sem Þjóðskjalasafn Íslands innheimtir af þeim sveitarfélögum sem skila gögnum til safnsins en reka ekki héraðsskjalasafn og þegar héraðsskjalasafn hættir starfsemi og hins vegar gjöld sem öllum opinberum skjalasöfnum er heimilt að innheimta af viðskiptavinum sínum fyrir veitta þjónustu. Með frumvarpinu er einnig lagt til að meginregla verði að gögnum sé skilað til opinberra skjalasafna á því formi sem þau verða til á, sem felur í sér í reynd að lögfest er meginreglan um rafræn skil enda verður yfirgnæfandi meirihluti gagna í íslenskri nútímastjórnsýslu til á rafrænu formi.

Afstaða sambandsins

Samband Íslenskra sveitarfélaga telur markmið frumvarpsins jákvætt en með frumvarpinu er:

- jöfnuð staða sveitarfélaga eftir því hvort þau reka héraðsskjalasafn eða skila til Þjóðskjalasafns,
- sett skýrari ákvæði um gjaldheimildir héraðsskjalasafna og
- stutt við pappírslausa stjórnsýslu sveitarfélaga og rafræn skil gagna og rafræna stjórnsýslu en þetta síðastnefnda er hluti af [stefnumörkun sambandsins fyrir árin 2022-2026 \(nr. 9.5\)](#).

Sambandið vill þó koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við frumvarpsdrögin.

2. gr. – greiðsla fyrir ráðgjöf um skjalahald.

Samkvæmt 8. gr. laga um opinber skjalasöfn er eitt að hlutverkum Þjóðskjalasafns Íslands að veita leiðbeiningar um hvernig skjalastjórn og skjalavörslu skuli hagað hjá stjórnsýslu sveitarfélaga svo og öðrum afhendingarskyldum aðilum. Gegnir því Þjóðskjalasafn Íslands mikilvægu hlutverki þegar kemur að skjalastjórn og skjalavörslu sveitarfélaga. Hafa héraðsskjalasöfn og sveitarfélög getað leitað ráða hjá Þjóðskjalasafni í samræmi við þetta hlutverk stofnunarinnar ásamt því sem Þjóðskjalasafn hefur haldið ýmis námskeið fyrir þessa aðila. Hér þarf því að fara varlega þegar kemur að almennu leiðbeiningarhlutverki safnsins bæði í samræmi við hlutverk þess og leiðbeiningarskyldu stjórnsýslulaga og síðan greiðslu fyrir ráðgjöf um skjalahald. Æskilegt er að greiðsla fyrir ráðgjöf fyrir skjalahald verði eingöngu fyrir sértæka eða mjög umfangsmikla ráðgjöf og að í greinargerð með

frumvarpinu sé útskýrt betur hver munurinn er á almennu leiðbeiningarhlutverki safnsins og hvenær ráðgjöf er þess eðlis að heimilt sé að taka greiðslu fyrir.

6. gr. - gjaldskrárheimild

Sambandið leggur til að b-liður um gjaldskrárheimildir gildi einnig um héraðsskjalasöfn en samkvæmt b-lið er Þjóðskjalasafni heimilt að innheimta gjald fyrir móttöku, vörslu, ráðgjöf um skjalahald og eftirlit vegna skjala sem sveitarfélög afhenda safninu. Í dag eru héraðsskjalasöfn nánast eingöngu rekin í gegnum byggðasamlag og mjög algengt er að kostnaður sveitarfélaga skiptist í hlutfalli við íbúafjölda. Með því að gera sveitarfélögum kleift að nýta umræddan b-lið geta héraðsskjalasöfn og sveitarfélög haft þann möguleika að kostnaður miði ekki eingöngu við íbúafjölda heldur einnig við umfang við móttöku, vörslu, ráðgjöf um skjalahald og eftirlit.

Sambandið vill einnig taka undir ábendingu byggðaráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar þar sem fram kemur að eðlilegt er að kostnaður vegna húsnæðis sé hluti af raunkostnaði við varðveislu skjala enda er það einn stærsti kostnaðarliður í rekstri skjalasafna.

Mat á áhrifum

Í kaflanum *Mat á áhrifum* er ein málsgrein er fjallar um mat á áhrifum þess að lögfesta meginreglu um rafræn skil og segir þar m.a. að „Rafræn skil hafa í för með sér jákvæð fjárhagsleg áhrif í ljósi sparnaðar sem og jákvæð umhverfisáhrif sem leiðir af minni pappírnotkun og skjalaflutningi.“ Sambandið gerir athugasemdir við umrædda staðhæfingu. Ljóst er að héraðsskjalasöfn og þá sveitarfélög þurfa að fara í umtalsverða fjárfestingu til að héraðsskjalasöfn geti almennt tekið upp rafræn skil. Héraðsskjalasöfn þurfa a.m.k. að fjárfesta í búnaði til að geta tekið upp rafræn skil en einnig þarf að huga að varðveislu, afhendingu gagna og aðgengi. Einnig gætu héraðsskjalasöfn samið við Þjóðskjalasafn Íslands um rafræna vörslu en slíkt myndi einnig fela í sér kostnaðarauka. Ekki hefur verið reiknað út hver kostnaður er við að taka upp rafræn skil og hvenær jákvæð fjárhagsleg áhrif í ljósi sparnaðar skili sér til sveitarfélaga. Samkvæmt 129. gr. sveitarstjórnarlaga skal fara fram sérstakt mat á áhrifum lagafrumvarpa ef þau hafa áhrif á fjárhag sveitarfélaga og ber viðkomandi ráðherra ábyrgð á því að slíkt mat fari fram. Ítrekað er mikilvægi þess að slíkt mat fari fram áður en frumvarpið verður lagt fram á þingi og er sambandið reiðubúið að taka þátt í slíkri vinnu.

Að lokum

Sambandið ítrekar að markmið frumvarpsins er jákvætt en mikilvægt er að ljúka mati á áhrifum þess á fjárhag sveitarfélag. Fulltrúar sambandsins eru reiðubúnir að mæta á fund ráðuneytisins til að eiga frekara samtal um málið og styðja við gerð fjárhagslegs mats á áhrifum frumvarpsins á fjárhag sveitarfélaga.

Virðingarfyllst

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Valgerður Rún Benediktsdóttir
yfirlögfræðingur